

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagata 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 24.02.2017
21.09.01 /GRÁ
PS/sj

Málefni: Tímasetning grásleppuveiða og reglugerð um veiðarnar.

Vísað er til erindis ráðuneytis varðandi ofgangreint málefni 8. febrúar (Tilv.: ANR17010421) og 15. febrúar (Tilv.:ANR17020119).

Eins og fram kemur í bréfi Hafrannsóknastofnunar til ráðuneytis þann 14.3.2016 taldi stofnunin að með því að seinka veiðum á grásleppu megi draga úr meðafla við veiðarnar og lagðist stofnunin ekki gegn slíkum breytingum fyrir árið 2016.

Árið 2016 hófst vertíðin 6 dögum seinna en árið 2015 og sýna skýrslur að veiðarnar voru að maðaltali nær landi (grynna) en árið 2015. Þrátt fyrir það var meðalafla af þorski á hvern bát meiri en árið 2015 eða um 1,72 tonn samanborið við 1,20 tonn árið 2015 (Tafla 1 og Tafla 2 eftir svæðum fyrir árið 2016). Það eru því líklega aðrir þætti sem einnig hafa áhrif á meðafla en einungis tímasetning á upphafi veiða.

Miðað við þær greiningar sem gerðar voru á gögnum síðastliðinna ára var ályktað að draga mætti úr meðafla með því að seinka upphafi vertíðar. Áhrif þess á veiði hvers báts á vertíðinni 2016 eru ekki talin mikil og var meðalafla grásleppu á bát árið 2016 sá mesti í nær 3 áratugi þrátt fyrir seinkunina á síðasta ári.

Hafrannsóknastofnun leggst því ekki gegn því að veiðitímabilið hefjist ekki fyrr en 1. apríl en bendir á að sá meðafla sem fæst, hvenær sem er á veiðitímabilinu, er líkt og í öðrum veiðum færður af aflamarki þeirra báta sem veiðarnar stunda. Meðaflinn er nánast eingöngu stór fiskur og því er ekki þörf á sérstakri vernd svo lengi sem meðaflinn er skráður og hann reiknaður til aflamarks.


Það vekur athygli við skoðun gagna, og sjá má í meðfylgjandi töflum, að töluverður hluti grásleppubáta landar engum meðafla. Á árunum 2011 og 2014 var í gangi sérstakt átak hjá Fiskistofu til að skoða meðafla við grásleppuveiðar. Þar var meðal annars farið í veiðiferðir með bátum sem ekki höfðu skráð meðafla við veiðarnar frá upphafi vertíðar og þangað til eftirlitsmaður fór í róður með viðkomandi bátum. Þegar eftirlitsmaður Fiskistofu var um borð í þeim bátum kom ljós að 17 af þeim 20 sem skoðaðir voru fengu meðafla sem landað var í þeim veiðiferðum sem eftirlitsmaður var með í. Það gæti verið vísbending um að skráningar meðafla séu ekki alltaf réttar og þar af leiðandi geta þær upplýsingar sem Hafrannsóknastofnun byggir sínar umsagnir á verið ónákvæmar.

Hafrannsóknastofnunin telur að brýnt að fylgst verði náið með veiðum á grásleppu m.a. með auknu eftirliti þannig að réttar upplýsingar um veiðarnar séu til staðar.

Varðandi tímasetningar ráðgjafar þá hefur Hafrannsóknastofnun á undanförunum árum veitt ráð um aflamark eftir að stofnmælingu botnfiska í mars er lokið. Ráðgjöfin byggir á niðurstöðum leiðangra sem er rétt lokið þegar ráðgjöfin er veitt og unnið er úr gögnum eins hratt og unnt er. Árin 2014 og 2015 var ráðgjöfin veitt þann 26. mars og árið 2016 veitti Hafrannsóknastofnun ráð þann 5. apríl. Enda þótt eðlilegt megi telja að ráðgjöf sé veitt fyrir ákveðna dagsetningu er ekki hægt að hálfu Hafrannsóknastofnunar að lofa öðru en því að gögnin verða unnin eins hratt og gerlegt er og ráðgjöf kynnt strax að því loknu.

Hafrannsóknastofnun hefur ekki skoðun á því hvort mæling neta verði gerð með þeim hætti sem LS óskar eftir en telur rétt að umsögn verði fengin frá Fiskistofu þar sem slíkar breytingar gætu haft áhrif á eftirliti með lengd veiðarfæra.

F.h Hafrannsóknastofnunar,



Þorsteinn Sigurðsson

Tafla 1. Samantekt á þorskafla við grásleppuveiðar árin 2008-2016.

Ár	Fjöldi grásleppubáta	Fj. sem landa þorski	Þorskafla (í tonnum)	Meðal þorskafla þeirra sem landa þorski
2008	205	86	192	2.23
2009	265	109	213	1.95
2010	337	172	314	1.83
2011	363	237	557	2.35
2012	334	249	506	2.03
2013	282	214	220	1.03
2014	221	176	393	2.23
2015	316	225	270	1.20
2016	241	167	288	1.72

Tafla 2. Greining á meðafla grásleppubáta árið 2016 eftir veiðisvæðum.

Veiði-svæði	Fjöldi grásleppubáta	Fj. báta sem landa þorski	Heildar þorskafla (kg)	Meðalafla þorsks á bát
A	21	16	11121	695
B	28	8	1279	160
C	9	7	6772	967
D	41	30	62086	2070
E	91	78	139984	1795
F	35	22	53019	2410
G	6	6	6269	1045